

Reykjavík, nóvember 2023

Sjónarmið Íslenska náttúruverndarsjóðsins - The Icelandic Wildlife Fund (IWF) um tillögu til þingsályktunar um bann við fiskeldi í opnum sjókvíum.

Íslenski náttúruverndarsjóðurinn styður bann við fiskeldi í opnum sjókvíum.

Sjókvíaeldi í opnum netapokum er ekki aðferð sem hægt er að láta ganga upp án þess að hún valdi skaða á umhverfinu og lífríkinu.

IWF leggur til að útgáfa nýrra leyfa fyrir sjókvíaeldi verði stöðvuð strax og sett inn sólarlagsákvæði um gildandi leyfi. Sjókvíaeldi skal ekki leyfa aftur nema ef:

- Framleiðendur geta tryggt að úrgangur frá starfseminni verði ekki látinn renna óhreinsaður beint í hafið. Nú streymir skítur, plast, koparoxíð, fóðurleifar, lyf og eiturefni úr sjókvíum hindrunarlaust í gegnum netmöskvana.
- Að enginn fiskur sleppi.
- Að sjúkdómar og sníkjudýr berist ekki í sjó eða vatnsföll.
- Að velferð eldisdýranna verði bætt og notkun hreinsifisks hætt. Viðskiptamódel sjókvíeldisfyrirtækjanna gerir ráð fyrir stórfelldum „afföllum“ eða dauða eldislaxa í sjókvíunum og seiða í landeldisstöðvum. Svokallaður hreinsifiskur, oftast hrognkelsi, sem settur er í kvíarnar til að éta lús af eldislaxunum, drepst allur. Þessi meðferð á dýrum er algjörlega óviðunandi.

Vernda alla villta laxastofna

Það er álit IWF að grunnforsenda lagasetningar um laxeldi í sjó og á landi byggi á því að engir villtir laxastofnar verði fyrir spjöllum vegna erfðablöndunar við eldislax. Hvorki sterkari laga- og reglurammi né hert eftirlit gera netin í sjókvíunum öruggari. Þau eru jafn viðkvæm eftir sem áður. Aðeins er spurning um hvenær netapokarnir rofna og fiskur sleppur út, en ekki hvort.

Koma skal í veg fyrir áhrif á náttúrulega nytjastofna

Sjókvíaeldi hefur veruleg áhrif á lífríkið á hafsbotni undir kvíunum og í nágrenni þeirra. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa beint á að þessi starfsemi geti raskað umhverfi þorskseiða og þarf af leiðandi skaðað heilbrigði þorskstofnsins, sem er einn mikilvægasti nytjastofn landsins.

Sjókvíeldinu fylgir aukin lífræn mengun, sem getur ein og sér haft neikvæð áhrif á lífríki fjarða, en auk þess hefur míkroplastmengun, notkun eiturefna, skordýraeiturs, koparoxíðs og lyfja skaðleg áhrif á hryggleysingja sem eru mikilvæg fæða þorskseiða.

Með banni við sjókvíaeldi í opnum netapokum er komi í veg fyrir skaðleg áhrif á náttúrulega nytjastofna

Ekkert úthafs- eða strandeldi án staðfestingar um skaðleysi

Þá er það álit IWF að ekki komi til greina að hefja úthafs- eða strandeldi nema niðurstöður rannsókna sýni afdráttarlaust að umhverfi og lífríki sé ekki hætta búin, eða það trufla aðra atvinnustarfsemi.

Hvorki á að hugleiða útgáfu þróunarleyfa né skipuleggja möguleg hafssvæði án þess að niðurstöður þessara rannsókna liggi fyrir.

Fyrir hönd Íslenska náttúruverndarsjóðsins,



Jón Kaldal